

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 6/2022, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 6/2022, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

- Orðin „ákvörðun kjördags“ í a-lið 1. tölul. falla brott.
- C-liður 7. tölul. orðast svo: Vísinda- og nýsköpunarráð.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

14. tölul. orðast svo: Almanavarnir, þar á meðal:
 - Vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga.
- A-liður 16. tölul. orðast svo: Landamærastjórn og landamæravörslu.
- Við b-lið 20. tölul. bætist: og innheimtu meðlaga.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- H-liður 2. tölul. fellur brott.
- Á eftir u-lið 4. tölul. kemur nýr staflíður, svohljóðandi: Tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

4. gr.

8. tölul. 4. gr. orðast svo: Fjármálamarkað, lagaumgjörð og eftirlit, þar á meðal:

- Fjármálafyrirtæki.
- Fasteignalán til neytenda.
- Markaði fyrir fjármálagerninga.
- Prófnefnd verðbréfaréttinda.
- Lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.
- Upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.
- Lög um yfirtökur.
- Fjármögnunarviðskipti með verðbréf.
- Verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.
- Verðbréfasjóði.
- Peningamarkaðssjóði.
- Rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

- m. Upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu.
- n. Evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði.
- o. Evrópska langtímafjárfestingarsjóði.
- p. Lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta.
- q. Fjárhagslegar viðmiðanir.
- r. Aðgerðir gegn markaðssvikum.
- s. Skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
- t. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- u. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.
- v. Tryggingarsjóð vegna fjármálafyrirtækja.
- w. Afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.
- x. Greiðslur yfir landamæri í evrum.
- y. Vátryggingar og vátryggingastarfsemi.
- z. Vátryggingasamstæður.
- aa. Ökutækjetryggingar.
- bb. Dreifingu vátrygginga.
- cc. Náttúruhamfaratryggingu Íslands.
- dd. Úrskurðarnefnd náttúruhamfaratryggingar.
- ee. Greiðsluþjónusta.
- ff. Öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum.
- gg. Greiðslureikninga.
- hh. Milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur.
- ii. Skortsölu og skuldatryggingar.
- jj. Viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.
- kk. Lánshæfismatsfyrirtæki.
- ll. Evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

5. gr.

K-liður 2. tölul. 5. gr. fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:

1. E-liður 3. tölul. orðast svo: IHS.
2. Á eftir f-lið 5. tölul. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Sértekkan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

7. gr.

6. tölul. 8. gr. orðast svo: Skóga, skógrækt og landgræðslu, þar á meðal:

- a. Land og skóg.

8. gr.

M-liður 2. tölul. 10. gr. orðast svo: Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu.

9. gr.

B-liður 11. tölul. 11. gr. orðast svo: Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr.:

- R-liður 2. tölul. orðast svo: Afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit.
- S-liður 2. tölul. orðast svo: Framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.

11. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 15. febrúar 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.

A-deild – Útgáfudagur: 20. febrúar 2024